


DRÖG 27.01.2020



VISTVÆNN ATVINNUKJARNI Í LANDI BLIKASTAÐA

Inngangur

Landið við Blikastaði hefur grænt og vistlegt yfirbragð. Við plöntuval er tekið mið af staðaranda svæðisins og yfirbragð þess því villt og náttúrulegt. Grænu svæðin eru aðlaðandi og nýtast starfsfólki staðarins sem og viðskiptavinum og öðrum gestum. Gróður verður til skrauts, yndisauka og gegnir í sumum tilfellum hlutverki í blágrænum ofanvatnslausnum reitsins. Við útfærslu á grænum svæðum er horft til sólargangs, ríkjandi vindáttar og flæði gangandi vegfarenda um reitinn ásamt mikilvægum tenginum við svæðin í kring.

Mikil áhersla er lögð á að plöntur séu vistfræðilega viðeigandi eða að mikil reynsla sé af ræktun þeirra hérlandis. Þær skulu ekki vera ágen- gar eða erfiðar viðfangs í íslenskri náttúru.

Á sólríkum, skjólsömum og hávaðalitlum (sjá hljóðskýrslu) svæðum milli bygginga gefst tækifæri til að útfæra fjölbreytt dvalarsvæði. Þar geta starfsmenn og gestir athafnað sig, skipts á góðum hugmyndum og leitt hugann frá daglegu amstri.






	Korpa		gróðurpök
	friðland		helstu möglegu dvalarsvæði
	ofanvatnslautir		gegndræp bílastæði
	ofanvatnstrásir		útivistarstígar
	lággróður		hjólastígar
			skipulagsmörk

Blágrænar ofanvatnslausnir

Blágrænar ofanvatnslausnir taka þátt í að gera heildaryfirbragð atvinnukjarnans grænt og aðlaðandi. Markmiðið er að sem mest af ofanvatni leiti niður í jarðveginn sem næst staðnum sem það fellur á, í stað þess að vera veitt í lokuð fráveitukerfi. Það ofanvatn sem eftir er, er stýrt í gegnum vef ofanvatnsrásar þar sem hægt á vatninu svo að það nái að síga niður í jarðveginn á leiðinni. Restin af ofanvatninu er að mestu leiti beint að ofanvatnslautum.

Fuglasöngur og gróðurilmur í götum og grænum geirum er einn af mörgum kostum innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna. Þá létta þær á veitukerfi bæjarins, viðhalda heilbrigðum vatnsbúskap og minnka mengun með upptöku þungamálmanna og annarra mengunarvalda. Að lokum eru þær fjárhagslega hagkvæmar, þar sem bæði stofn- og viðhaldskostnaður er minni en í reksri hefðbundinna fráveitukerfa.



Ofanvatnslaut - skýringarmynd

Bakkar Korpu

Ofanvatnslautir við bakka Korpu eru síðasti hlekkurinn í blágrænni keðju atvinnukjarnans. Þær er mikilvægar fyrir miðlun vatns og öflugur viðtaki mengunarefna og vernda því Korpu og bakka hennar. Lautirnar og umhverfi þeirra skal hanna þannig að beint aðgengi sé að lautunum, í umhverfi sem er síbreytilegt eftir árstíðum og veðurfari. Til þess að styrkja fuglalíf við ofanvatnslautirnar skal dýpi þeirra vera mismikið en mesta dýptin skal vera á öruggum stað þar sem fuglar geta haldið sig að vetrum. Vogskornar eyjar styrkja fuglalífið ennfrekar. Við ofanvatnslautirnar skal velja plöntur sem vaxa í blautum jarðvegi eða votlendi. Dæmi um plöntur eru:


Fergin
Lónasóley
Tjarnarstör
Blátoppastör
Hofsóley

Lyfjagras
Maríustakkur
Hrafnaklukka
Engjarós
Blástjarna

Gljávíðir
Hrafnafífa
Klófífa



Dæmi um fleka



Dæmi um gróður við ofanvatnslautir



Dæmi um gróður við ofanvatnslautir



ofanvatnslautir geta flætt að og undir fleka eða brýr eftir úrkomu

Grænir geirar

Tveir grænir ásar liggja í gegnum svæðið frá austri til vestri. Stígar sem liggja í ásunum tengja skipulagssvæðið við útivistarsvæði við Korpu. Þar sem grænu geirarnir mæta götum og borgarlínuás sjá öruggar þveranir til þess að stígurinn í grænu geirunum rofni ekki. Í grænu geirunum taka ofanvatnsrásir við ofanvatni og síða það niður í jarðveginn eða veita því yfir í ofanvatnslautir (sjá kafla um ofanvatnslautir). Þar sem hæðarmunur er mikill í landi, eru rásir stallaðar, til þess að lágmarka lengdarhalla og hægja á rennsli..

Gert er ráð fyrir gróðursetningu vatnspolinna trjáa í rásirnar. Dæmi um tré eru:


Stafafura
Silfurreynir
Skrautreyrnir
Gráreyrnir

Úlfareynir
Ilmreyrnir
Selja
Gráelri


Birki (ilmbjörk)
Ilmreyrnir



dæmi um ofanvatnsrás



ofanvatnsrás - skýringarmynd




grænn geiri

Götur

Tvær götur tengjast inn í svæðið með gangstéttir báðu megin götu. Öruggar gönguþveranir yfir götunum eru staðsettar í tengslum við græna geira. Til þess að undirstrika það að hinn gangandi vegfarandi sé í fyrirrúmi í atvinnukjarnarnum er hann látinn ganga á jafnsléttu um þessar þveranir.

Í götum svæðisins rennur ofanvatn í regnbeð. Þar er ofanvatninu haldið tímabundið, á meðan það seitlar ofaní jarðveginn. Regnbeð eru öflugir viðtakar skaðlegra mengunarefna og laða að sér fugla og skordýr. Í regnbeðum skal setja fjölbreyttar vantsþolnar plöntur. Þar má blanda saman trjám runnum og fjölærum plöntum. Dæmi um slíkar plöntur eru:


Gráelri	Marfustakkur	Engjaíris
Kirtilrífs	Vatnsberi	Mjaðurt
Myrtuvíðir	Hofsóley	Rússaíris
Sólber	Tjarnaríris	Randagras



snið af a-götu með gönguþverun í bakrunni



dæmi um íslenskt regnbeð



regnbeð - skýringarmynd

Borgarlínuás

Borgarlínan ferðast á sérrými gegnum svæðið með stoppi við reit D. Ofanvatnsrás (sjá kaflann Grænir geirar bls.) fylgir sérrýminu og í rásinni er plantað röð stórra götutrjáa. Ekki er gert ráð fyrir akstri bíla í götunni en hjólastígar og gangstéttir verða báðu megin sérrýmis. Ekki skal binda tegundaval við eina tegund t.d. vegna hættu á áföllum vegna plöntusjúkdóma eða náttúrulegra skaðvalda.

Líta má á biðstöð borgarlínunnar sem hlið inn í hverfið og andlit þess útávið. Umhverfi þess má því vera sérlega glæsilegt. Stöðvarnar skulu vera yfirbyggðar og vandaðar með farmiðasjálfsölum, upplýsingarskiltum og hjólastæðum. Aðgengi fyrir alla er tryggt með því að hafa brautar-palla í hæð með vögnum.



Dæmi um trjátegundir í ofanvatnsrás eru:

Álmur
Garðahlynur
Ilmreynir
Silfurreynir





dæmi um þverun við biðstöð hraðvagnakerfis



Græn þök


Minnst 80% af þökum byggðarinnar skulu vera lögð gróðurþekju. Gróðurþök taka við ofanvatni, auka líffræðilega fjölbreytni, bæta hljóðvist og eru til yndisauka fyrir starfsmenn og almenning sem á leið hjá reitnum. Þá milda þökin ásýnd byggðarinnar frá vinsælu útivistarsvæði á Úlfarsfelli. Heimilt er að víkja frá kröfu um gróðurþekju ef gróðurhús, sólarsellur eða svæði til útivistar er á þaki byggingar.

Á gróðurþökum skal velja þurrk- og vindþolnar plöntur, sem þurfa lítið rótarplass og litla umhirðu. Dæmi um slíkar plöntur eru hnoðrar en einnig hefur úthagatorf reynst vel sem gróðurþök á Íslandi. Úthagatorf lítur, ólíkt grastorfi, vel út á öllum árstímum og er þurrkþolið. Það getur samanstaðið af eftirfarandi plöntum:

Mosi	Hálíngresi
Vallarsveifagras	Týtulíngresi.
Íslenskur Ílmreyr	Blóðberg
Blávingill	Möðrur
Túnvingull	Murur

Gróðurþök eru lagskipt. Undir gróðurlagi er jarðvegslag, þar sem er hagstætt rótarlág fyrir gróðurþekjuna. Drenlagið tryggir að umframvatn leiti í þakrennur og ræsi. Eggjabakkalögun þess geymir aukaforða af vatni fyrir þurrktímabil. Neðst er vatnspétt lag til að hlífa þaki.

Hluti af gróðurþökum reitsins má útfæra þannig að þau laði að sér fugla. Þá þarf að huga vel að fjölbreytni í gróðri sem gefur skjól, hreiðurstað og fæðu. Uppsafnað ofanvatn veitir aðgang að vatni.




gróðurþak - skýringarmynd



© Sigurgeir Sigurjónsson



gróðurþök eru ekki alltaf græn



dæmi um dvalarsvæði á þaki



dæmi um gróðurhús á þaki



dæmi um sólarsellur á þaki

Dvalarsvæði - gróðurval

Á dvalarsvæði mynda runna- og trjábeð skjól og rými. Grassvæði eru staðsett á sólríkum og skjólsælum svæðum svo að þau megi nota til útivistar.

Við val á runnum og trjám skal tryggja að góð reynsla sé af ræktun þeirra hérlandis. Gróður skal vera léttur í viðhaldi. Tryggja skal fjölbreytni í blómlitum og að beð séu til prýði í umhverfi sínu á öllum árstímum. Þannig má blanda saman sígræna runna og tré við blómstrandi runna. Sem dæmi um gróður sem er sérlega fallegur utan sumars má nefna snjóber, sem vaxa falleg ber að hausti til og gljámispil, sem fær sterka rauða haustlit. Sölnað lauf myrtuvíðis helst á runnanum yfir veturinn og skreytir hann. Dæmi um runna og tré eru:

RUNNAR

Birkikvistur	Glótoppur
Dögglingakvistur	Glæsitoppur
Loðkvistur	Gulltoppur
Japanskvistur	Gljámispill
Síberíukvistur	Geislasópur
Stórkvistur	Ilmkóróna
Loðvíðir	Snækóróna
Myrtuvíðir	Alparifs
Einir	Blárifs
Runnamura	Hélurifs
Blátoppur	Rauðrifs
Dúntoppur	Sólber
Fjallatoppur	Stíkilsber
	Snjóber



TRÉ

Stafarfura	Úlfareynir
Silfurreynir	Ilmreynir
Skrautreynir	Heggur
Gráreynir	Selja
Koparreynir	Gráelri
	Birki (ilmbjörk)

Á dvalarsvæðum geta verið grasssvæði sem ætluð eru undir leik og til útivistar. Velja skal villt íslensk grös og blómagróður sem eru þurrkþolin og harðgerð. Dæmi um slíkar plöntur eru:


ÍSLENSK GRÖS

Túnvingull	Blóðberg
Blábingull	Möðrur
Hálíngresi	Murur
Týtulíngresi	Ilmreyr

Á grasssvæðum, þar sem ekki er búist við að umgangur verði mikill, má leggja lyng-og mosapökur. Þær geta samanstðið af eftirfarandi plöntum:

LYNG- OG MOSI

Blóðberg	Hvítmaðra
Ljónslappi	Krækilyng
Bláberjalyng	Beitilyng



Dvalarsvæði - yfirborð

Á sólríkum og skjólsömum dvalarsvæðum milli bygginga geta starfsmenn og gestir athafnað sig, skipts á góðum hugmyndum og leitt hugann frá daglegu amstri.


Megnið af yfirborð og götugögnum fellur vel að náttúrulegu yfirbragði atvinnukjarnans. Litir þeirra sækir áhrif í náttúru svæðisins en þó mega einstaka litir poppa upp. Huga skal vel að listrænu og/eða fagurfræðilegum gildum bekkja, setsvæða og götulampa.



Litir yfirborðs og götugagna sækir áhrif í náttúru svæðisins en þó mega einstaka litir poppa upp



Dæmi um vandað almenningssými



Gönguleiðir og upplifanir

Skýrt aðgengi að góðum útivistarsvæðum bætir lýðheilsu og lífsgæði starfsmanna. Ýmis útivistarsvæði eru í 5 mínútna göngufjarlægð frá atvinnukjarnann og ekki þarf að ganga mikið lengra til þess að finna fleiri fjölbreytt græn svæði. Gönguleið innan skipulagssvæðiðs getur nýsts starfsmönnum í stuttar hádegisgöngur og nýjar tengingar við útivistarsvæði í nágrenni kjarnans getur hvatt til lengri göngu-eða hlaupatura. Stígakerfið leiðir vegfarendann þannig meðal annars um strandlengjuna, þar sem útsýni er yfir sundin og fjöllin í kring (sjá kort á næstu opnu). Á góðum dögum blasir Snæfellsjökull við. Austan við atvinnukjarnann er Úlfarsfell, vinsælt útivistarsvæði.



gönguleið um skipulagssvæðið getur nýsts starfsmönnum í stuttar hádegisgöngur eða til þess að skiptast á hugmyndum



Stígakerfi á svæðinu leiðir vegfarendann meðal annars um strandlengjuna, þar sem útsýni er yfir sundin og fjöllin í kring



Strandstígur

Korpúlfsstaðir

undirgöng

5. mínútur

atvinnukjarni



Tíminn og efnið
-útilistaverk



Þverun

Úlfarsfell

5. mínútur



útsýni

Tímabundin dvalarsvæði

Blikastaðir mun byggjast upp á löngum tíma og því útséð um að ekki verði allir reitir fullbyggðir þegar fyrstu fyrirtækin flytja inn í nýju húsakynninn. Tímabundin almenningsskými geta, á ódýran hátt, glætt lífi í óbyggða reiti. Þau tryggja að skipulagssvæðið sé aðlaðandi og skemmtilegt á meðan beðið er eftir heildarverklok þess. Að lokum má líta á þau sem tilraunastarfsemi í góðri, staðbundinni borgarhönnun, sem nota má sem innblástur við endanlega hönnun rýmisins.



Dæmi um tímabundið almenningsskými

